



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 8/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Bankasýslu ríkisins
2. Persónuvernd
3. Samtökum fjármálafyrirtækja

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 8/2012 varð að reglum nr. 887/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Bankasýsla ríkisins	Almenn umsögn	<p>Bankasýsla ríkisins kemur hér áleiðis ábendingum stofnunarinnar um ofangreint umræðuskjal Fjármálaeftirlitsins (FME). Er stofnunin sammála því að nauðsynlegt sé að gera ríkar kröfur til þeirra aðila sem gegna störfum framkvæmdastjóra og þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum.</p> <p>Bankasýsla ríkisins telur að undirrituð yfirlýsing stjórnarmanna um fjárhagslegt sjálfstæði, auk svara við spurningalista FME, séu nokkuð ítarleg. Þessu til viðbótar hefur FME framkvæmt hæfismat á stjórnarmönnum, sbr. skjal FME um verklag við hæfismat dags. 10. febrúar 2010.</p> <p>Bankasýsla ríkisins veltir því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að kalla eftir svo ítarlegum upplýsingum um fjárhag viðkomandi, og í hvaða tilgangi, þegar fyrirfram skilgreind viðmið liggja ekki fyrir: Mikilvægt er að hafa í huga hvernig slíkra upplýsinga sé aflað og hvaða öryggis sé gætt við varðveislu þeirra, sbr. lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.</p> <p>Bankasýsla ríkisins bendir einnig á að mat á fjárhagslegu sjálfstæði geti verið huglægt, eins og t.d. á virði óskráðra eigna. Er þetta mikilvægt, þar sem röng upplýsingagjöf varðar við almenn hegningarlög.</p> <p>Stofnunin áréttar einnig að fjárhagslegt sjálfstæði felst ekki aðeins í eignastöðu eða greiðslugetu heldur geta einstaklingar verið fjárhagslega háðir öðrum án þess að fjárhagur þeirra sýni það. Einstaklingar geta einnig verið háðir öðrum vegna fyrri tengsla eins og fyrrum samstarfsfélagar.</p> <p>Að dómi Bankasýslu ríkisins eru fyrirhugaðar breytingar á reglum mögulega til þess fallnar að draga úr fjölda þeirra sem annars gæfu kost á sér til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum þar sem hætt er við því að aðilum þyki verið að kalla eftir of persónulegum upplýsingum. Hætt er við því að sá hópur manna sem gefur kost á sér til stjórnarsetu verði of einsleitur. Einnig telur Bankasýslan verulegar líkur á því að auknar kröfur um upplýsingar kunni að verða til þess að erfitt ver</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
2	Persónuvernd	Almenn umsögn	<p>Persónuvernd visar til fyrri bréfaskipta í framhaldi af ákvörðun Persónuverndar, dags. 20. ágúst 2012, í máli nr. 2011/1158, af tilefni kvörtunar yfir upplýsingasöfnun Fjármálaeftirlitsins við hæfismat, en sú söfnun fór fram með framlagningu sérstaks eyðublaðs sem framkvæmdastjórum og stíómarmönnum var ætíð að fylla út. Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.:</p> <p>"Við mat Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslegu sjálfstæði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja er notað eyðublað sem nefnt er "Fjárhagslegt sjálfstæði.xlsx". Með því er óskað ítarlegra upplýsinga, bæði um viðkomandi framkvæmdastjóra og stjórnarmann og maka hans. Þar eru engin takmörk eða viðmið sett, s.s. um verulega fjármuni eða ábyrgðir í þeim skilningi sem vísað er til í framangreindum athugasemdum, né um eðli og umfang skulda. Til dæmis virðist þurfa með sama hætti að greina FME frá óverulegum meðlagsskuldum og milljónalánum vegna</p>

		<p>hlutabréfakaupa. Að mati Persónuverndar þarf, svo vinnslan samrýmist grunnreglum 7. gr. laga nr. 77/2000, að afmarka með mun skýrari hætti en nú er gert hvaða persónuupplýsingar eru nauðsynlegar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.</p> <p>Reglur FME nr. 627/201[1], um framkvæmd hæfismats, eru mjög almennar. Til að tryggja að þær samrýmist grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 er nauðsynlegt að setja skýr efnisákvæði og viðmið um hvaða upplýsingar séu nauðsynlegar og verði lagðar til grundvallar mati Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslegu sjálfstæði manna. Setja þarf ramma bæði varðandi upplýsingaöflun um framkvæmdastjóra og stjórnarmenn og um maka þeirra. Með vísan till. tölul. 3. mgr. 37. gr. leggur Persónuvernd fyrir Fjármálaeftirlitið að endurskoða umræddar reglur í ljósi framangreinds."</p> <p>Með bréfi, dags. 1. október 2012, kynnti Fjármálaeftirlitið Persónuvernd drög að nýjum reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga. Persónuvernd fjallaði um þau drög í bréfi sínu til Fjármálaeftirlitsins, dags. 27. desember 2012. Í niðurlagi þess segir:</p> <p>"Í 3. mgr. 3. gr. og 10. gr. umræddra draga er að finna ákvæði þar sem skýrar er mælt fyrir um hvaða fjárhagsupplýsinga skuli aflað en fram til þessa hefur verið gert. Þar er þó ekki afmarkað hvaða upplýsinga afla megi um maka. Að því gefnu að bætt verði úr því gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við drögin að svo stöddu en minnir á að einnig verður að breyta framangreindu eyðublaði þannig að upplýsingaöflun verði skýrar afmörkuð. Þess er því óskað að nýtt eyðublað berist Persónuvernd eigi síðar en 22. janúar nk."</p> <p>Fjármálaeftirlitið svaraði með bréfi, dags. 22. janúar 2013. Þar segir:</p> <p>„Af þessu tilefni vill Fjármálaeftirlitið taka fram að ekki verður krafist fjárhagsupplýsinga um maka varðandi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja eða váttryggingafélaga. Telur Fjármálaeftirlitið því ekki nauðsynlegt að fjalla um fjárhagsupplýsingar maka í umræddum reglum. Framangreindar reglur hafa nú þegar verið endurútgefnar og birtar í stjórnartíðindum sbr. reglur nr. 887/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og reglur nr. 886/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga.</p> <p>Framangreindum aðilum mun hins vegar standa til boða í þeim tilvikum sem svör þeirra við spurningum um eiginfjárstöðu og/eða greiðsluflæði eru neikvæð (sbr. forsiðu eyðublaðs um mat á fjárhagslegu sjálfstæði) að veita upplýsingar um tekjur, eignir og skuldir maka. Slíkar upplýsingar eru þá veittar að frumkvæði viðkomandi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra, honum til hagsbóta, og að fengnu skriflegu samþykki maka.</p> <p>Hjálagt er eyðublað sem Fjármálaeftirlitið notar við mat á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga."</p> <p>Með vísan til framangreindra skýringa og umrædds eyðublaðs gerir Persónuvernd, ems og á stendur, ekki athugasemdir við fyrirkomulag umræddrar upplýsingaöflunar.</p>
--	--	--

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
3	Samtök Fjármálafyrirtækja	Almenn athugasemd	<p>Í ákvörðun Persónuverndar í máli, nr. 2011/1158, frá 24. ágúst sl. eru gerðar athugasemdir við það að engin takmörk eru sett um hvað teljist verulegir fjármunir eða ábyrgðir í þeim skilningi sem vísað er til í reglum eftirlitsins. Það er mat Persónuverndar að afmarka þurfi með mun skýrari hætti en nú er gert hvaða persónuupplýsingar eru nauðsynlegar við mat á fjárhagslegu sjálfstæði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.</p> <p>SFF taka undir niðurstöðu Persónuverndar og telja að upplýsingaöflun Fjármálaeftirlitsins gangi mun lengra en þörf er á. Í eyðublaði FME vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði er óskað upplýsinga um allar hugsanlegar eignir og skuldir aðila sem eru í þeirri stöðu að vera stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar eftirlitsskyldra aðila. Það er mat SFF að þær breytingartillögur sem fram koma í framangreindum umræðuskjölum gangi ekki nógu langt í að takmarka upplýsingaöflun FME samkvæmt nógildandi eyðublaði við þær upplýsingar sem eru eðlilegar og í samræmi við tilgang og markmið mats á fjárhagslegu sjálfstæði.</p> <p>Það er mikilvægt að öflun upplýsinga um svo viðkvæm persónuleg málefni taki mið af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og sé í samræmi við heimildir og tilgang.</p> <p>Ætla verður að tilgangurinn með matinu sé að tryggja að viðkomandi sé fjárhagslega sjálfstæður og að ekki sé uppi sú staða að viðkomandi freistist til að misnota aðstöðu sína. Að mati SFF ganga reglurnar mun lengra. Það er skoðun SFF að ábyrgð á því að velja hæfa einstaklinga til trúnaðarstarfa hvíli fyrst og fremst á þeim skipar þá eða ræður til starfans. Nákvæmar reglur eða söfnun upplýsinga koma aldrei í stað þeirrar ábyrgðar og ekki rétt að búa til falskt öryggi með þeim hætti.</p> <p>SFF gera sér grein fyrir að erfitt getur verið að skilgreina nákvæmlega hvenær einstaklingur er orðinn fjárhagslega háður einhverjum. Það er þó mikilvægt að hafa til grundvallar viðmið sem eru í samræmi við tilgang matsins. Hægt er að meta fjárhagslegt sjálfstæði með mildari hætti en FME leggur til en þjóna sama tilgangi og markmiði. SFF telja eðlilegt að gerð sé krafa um að aðilar lýsi yfir fjárhagslegu sjálfstæði án þess að eiginlegt mat fari fram, og það sé á ábyrgð hvers og eins að yfirlýsingin sé sönn. Í framhaldi af því væri hægt að fá yfirlýsinguna staðfesta af endurskoðanda eða að viðkomandi útvegi yfirlýsingu frá sínum viðskiptabanka.</p> <p>Ef Fjármálaeftirlitið er ekki reiðubúið að taka tillit til meginathugasemdar SFF gera SFF til vara eftirfarandi athugasemdir og breytingartillögur við 3., 10 og 11. gr. Tillögurnar eru miðaðar að því að við söfnun gagna sé meðalhófs gætt og að ekki sé óskað eftir frekari upplýsingum en eðlilegt geti talist í samræmi við markmið og tilgang.</p>
4	Samtök Fjármálafyrirtækja	3. gr.	<p>E. " ...og aðrar upplýsingar sem aðili..".</p> <p>Það er ekki nægilega skýrt hvað er átt við með aðili í þessu samhengi. Er hér átt við eftirlitsskyldan aðila eða er þetta einstaklingur. Þetta þarf að skýra.</p> <p>E. „ ...samkvæmt eyðublaði Fjármálaeftirlitsins. „</p>

			<p>Einnig er gerð athugasemd við það að vísað er til atriða sem skipt geta máli við mat á fjárhagslegu sjálfstæði samkvæmt eyðublaði Fjármálaeftirlitsins. Með þessu er í raun verið að gefa FME opna heimild til að óska eftir hvaða upplýsingum sem er. Slíkt er ekki í samræmi við athugasemdir í ákvörðun Persónuverndar um að reglurnar séu of almennar og að nauðsynlegt sé að setja skýr efnisákvæði um hvaða upplýsingar séu nauðsynlegar og verði lagðar til grundvallar mati á fjárhagslegu sjálfstæði manna. SFF leggja til að framangreind tilvísun í atriði í eyðublaði verði felld brott. Nauðsynlegt er að skýrt sé kveðið á um það í reglunum sjálfum hvaða gagna eftirlitinu er heimilt að afla.</p>
5	Samtök Fjármálafyrirtækja	10.gr.	<p><i>A. Að eiginfjárstaða sé jákvæða</i> Hér þarf að vera skýrt hvort átt sé við eiginfjárstöðu einstaklings eða hvort tillit sé tekið til hjúskaparstöðu.</p> <p><i>B. Að tekjur standi undir afborgunum af skuldum og framfærslu</i> SFF gera verulegar athugasemdir við það að FME muni krefjast upplýsinga um framfærslu einstaklinga. Um er að ræða viðkvæmar persónulegar upplýsingar sem erfitt er að sjá hvernig tengjast því hvort einstaklingur sé hæfur til að eiga sæti í stjórn eða vera framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis. Hér er meðalhófsreglu stjórnsýslulaga ekki gætt og farið langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Í sama lið kemur fram að liðið sé til þess að tekjur standi undir skuldum. Slíkar upplýsingar er hægt að nálgast með því að óska eftir afriti af skattaskýrslu. Öll upplýsingaöflun umfram það og sérstaklega þegar kemur að upplýsingum um framfærslu getur ekki talist nauðsynleg með tilliti til eðli máls og tilgangs laganna og er að mati SFF ekki í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.</p> <p><i>C. Að skuldir, ábyrgðir gagnvart þriðja aðila og veðsetning eigna séu ekki þess eðlis að efast megi um óhæði gagnvart lánveitanda/kröfuhafa og það sé líklegt til að hafa áhrif á störf hans í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Við mat á því hvort aðili teljist háður öðrum er horft til þess hvort skuldbindingin, með hliðsjón af árstekjum, teljist veruleg. Undanskildar skuldbindingar samkvæmt þessum lið eru hefðbundin lán sem standa almenningi til boða t.d. íbúðalán, bílalán og námslán. Það er óljóst hvernig FME hyggst meta hvort einstaklingur sé háður öðrum samkvæmt tölulíðnum og hvaða gagna þarf að afla til að hægt sé að meta það. Í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að sú staða geti komið upp að viðkomandi sé vanhæfur og þurfi að segja sig frá máli. Hér virðist hins vegar sem það sé vilji eftirlitsins að koma alfarið í veg fyrir það. Erfitt er að sjá fyrir alla þá möguleika sem upp geta komið fyrirfram og því felur þetta ákvæði í sér mjög opna heimild um upplýsingaöflun. Ákvæðið uppfyllir því ekki skilyrði um skýrleika.</i></p> <p><i>D. Annarra atriða en að framan greinir er varða fjárhagsstöðu eða fjárhagsskuldbindingar og máli geti skipt að mati Fjármálaeftirlitsins.</i> Varðandi d. lið ákvæðisins vísa SFF í athugasemdir við 3. gr. þess að efnis að þarna er FME gefin of víðtæk heimild til að óska eftir upplýsingum án þess að skýrt sé tekið fram í reglunum hverjar þær upplýsingar eru.</p>

6	Samtök Fjármálafyrirtækja	11.gr.	<p><i>2. mgr.: Ef aðili uppfyllir ekki skilyrði a- eða b- liðs 10. gr. er litið til eiginfjárstöðu og tekju- og greiðsluflæðis til framtíðar með tilliti til þess hvort að aðili geti staðið við skuldbindingar sínar.</i></p> <p>Í málsgreininni kemur fram að ef aðili uppfylli ekki skilyrði a- eða b. liðs 10. gr. líti Fjármálaeftirlitið til eiginfjárstöðu og tekju- og greiðsluflæðis til framtíðar við mat á því hvort viðkomandi komi til með að geta staðið við skuldbindingar sínar. Erfitt er að sjá hvernig slíkt mat verði framkvæmt en það myndi kalla á að eftirlitið hafi aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum um einstaklinga. Eins og fram hefur komið telja SFF það langt umfram það sem eðlilegt geti talist að skila þurfi inn svo víðtækum gögnum um framfærslu einstaklinga.</p> <p><i>3.mgr.: Við mat á c lið er litið til þess hvort að líkur séu til þess að aðili yrði ítrekað vanhæfur til að taka þátt í afgreiðslu mála að teknu tilliti til ákvæða laga, reglna og annarra viðmiða þar að lútandi, sbr. t.d. 72. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.</i></p> <p>Vísað er til athugasemda við c. lið 10. gr. og lagt til í samræmi við þær athugasemdir að ákvæðið verði fjarlægt.</p> <p><i>4.mgr. : Með öðrum atriðum skv. d. lið er átt við atriði sem hafa veruleg áhrif á fjárhagslegt sjálfstæði aðila, þ.á.m. atriða sem leiða til ítrekaðs vanhæfis aðila sbr. 2. mgr.</i></p> <p>Vísað er til athugasemda við 3. gr. og d. lið 10. gr.</p> <p>SFF áréttar að lögum um persónuvernd er sérstaklega ætlað að vernda einstaklinga frá því annars vegar að viðkvæmum persónuupplýsingum um þá sé safnað og hins vegar að ef skýr lög á grunni stærri hagsmuna krefja að þeim sé safnað sé tryggt að ekki sé hætta á misnotkun þeirra. SFF hafa heimildir fyrir því að verulegur fjöldi starfsmanna eftirlitisins hafi/geti haft aðgang að þeim viðkvæmu persónuupplýsingum sem hér eru til umfjöllunar. Slíkt hlýtur að auka verulega hættuna á því að fyrr eða síðar verði mistök sem leiða til misnotkunar þeirra.</p> <p>Að lokum vilja SFF óska eftir því að regludrögin verði borin undir Persónuvernd áður en FME gengur frá endanlegum reglum.</p>
---	------------------------------	--------	---